

## Frumvörp menntamálaráðherra á haustþingi

Menntamálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi þrjú lagafrumvörp um Landsbókasafn Háskólabókasafn, um framhaldsfræðslu og um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið ohf. Þá hyggst ráðherra einnig leggja fram á þinginu fjögur lagafrumvörp er varða nýja grunnlöggjöf um menningararf þjóðarinnar.

### 1. Landsbókasafn – Háskólabókasafn

Frumvarpið felur í sér ný grunnlög um starfsemi [Landsbókasafns Háskólabókasafns](#). Frumvarpið miðar að því að uppfæra ákvæði gildandi laga til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa m.a. með nýngum í upplýsingatækni og með tilkomu fleiri háskóla.

### 2. Framhaldsfræðsla

Frumvarpið felur í sér heildarlöggjöf um framhaldsfræðslu, en með henni er átt við alla menntun sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega

skólagöngu að baki og ekki er skipulögð á grundvelli laga um framhaldsskóla og háskóla. Með frumvarpinu er kveðið á um skipulag framhaldsfræðslunnar og aðkomu stjórnvalda og samtaka launafólks að henni.

### 3. Breyting á lögum um Ríkisútvarpið ohf.

Með frumvarpinu er lagðar til breytingar er varða starfssemi [Ríkisútvarpsins](#). Kveðið er nánar á um efni þjónustusamnings menntamálaráðherra og Ríkisútvarpsins ohf. um almennþjónustu félagsins og um takmarkanir á auglýsingastarfsemi þess. Þá er í samræmi við þá breytingu sem verður um næstu áramót fjallað um upptöku sérstaks gjalds í stað núverandi útvarpsgjalds, en miðað er við að tveir einstaklingar í heimili verði almennt eins settir og eftir breytinguna. Gjaldið leggst ekki á tekjuminni einstaklinga og einstaklinga sem eru yngri en 16 ára og eldri en 70 ára.

### 4. Nú eru í lokavinnslu fjögur lagafrumvörp er fela í sér heildarendurskoðun löggjafar um menningararfinn.

Stefnt er að því að frumvörpin komi fram á Alþingi fyrir jólahlé. [Frumvarpið um menningarminjar](#), sem er meginfrumvarpið, felur í sér nýja heildarlöggjöf um skipulag og verndun menningararfsins. Sameinuð eru ákvæði er varða húsafriðun, fornleifar og flutning íslenskra menningarverðmæta úr landi í eina heildstæða löggjöf undir stjórn sérstakrar stofnunar Minja- og safnastofnunar Íslands. Samhliða frumvarpinu eru lögð fram frumvarp til laga um skil á menningarverðmætum til annarra landa, frumvarp til safnalaga og frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Íslands. Megintilgangur frumvarpsins er að auka skilvirkni minjavörslunnar með því að einfalda stjórnkerfi hennar, skýra betur hugtök og verklag.

## Grundvallarrit um menntamá



aðgang að grundvallarriti um samhengi menntamála og annarra þjóðmála, um þróun hugmynda og stofnana á sviðinu og um grundvallareinkenni íslenskra menntamála.

Ritstjóri bókarinnar er Loftur Guttormsson en aðalhöfundar auk hans eru Jón Torfi Jónasson og Helgi Skúli Kjartansson. Sex aðrir höfundar leggja efni til ritsins og myndritstjórar eru Sigríður Bachmann og Sveinn Þórðarson. Utgefandi er Háskólaútgáfan.

## Mannréttindafræðsla í skólum

Þann 10. desember í ár varð [mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna](#) 60 ára.

Á grundvelli yfirlýsingarinnar hafa þjóðir heims fullgilt mannréttindasamninga sem hafa verið fyrirmynd mannréttindaákvæða í stjórnarskrám ríkjanna. Ísland er eitt þeirra ríkja.

Í nýjum lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla er velferð barna og ungmenna skilgreind sem grundvallaratriði í starfi skóla. Í markmiðsgreinum þessara laga kemur fram að hlutverk skólanna sé að stuðla að ahlíða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Áhersla á velferð nemenda, alþjóðlegt



samstarf um borgaravítund og mannréttindi í menntun og ný framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna um eflingu mannréttindafræðslu bera vitni um þá vitundarvakningu sem átt

hefur sér stað á undanförunum árum um mikilvægi þess að nemendur fái tækifæri til að styrkja sjálfa sig til að vera betur undir það búinir að takast á við áskoranir daglegs lífs í sífellt breytilegum og flóknari heimi.

Með hliðsjón af þessu og til þess að auðvelda skólum að takast á við þennan mikilvæga þátt í menntun barna og ungmenna hefur starfshópur á vegum menntamálaráðuneytis komið fram með

í síðustu viku fékk menntamálaráðherra afhent eintak af bókinni [Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007](#). Ritið, sem gefur yfirlit yfir þróun skyldufræðslu og almennrar framhaldsmenntunar í landinu, er nýkomið út og hefur nú hlotið tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Fyrri bindið heitir Skólahald í bæ og sveit 1880–1946, hið síðara Skóli fyrir alla 1946–2007.

Fjöldi ljósmynda bregður birtu yfir skólalífið og helstu persónur skólasögunnar á þessu langa tímabili. Ritið var samið á vegum Kennaraháskóla Íslands í tilefni af því að hundrað ár eru liðin frá því að fyrstu lög um fræðslu barna á Íslandi og um Kennaraskóla í Reykjavík tóku gildi.

Menntamálaráðuneytið er einn af styrktaraðilum ritsins. Við móttöku bókarinnar minnti menntamálaráðherra á, að fyrir þjóð sem efla vill menntun og styrkja menntakerfi sitt er mikilvægt að hafa greiðan

tillögur til eflingar mannréttindafræðslu í grunn- og framhaldsskólum.

Skýrsla starfshópsins, ásamt tillögum, verður aðgengileg á heimasíðu ráðuneytisins á næstu dögum. Í tillögnum, sem er fyrst og fremst ætlað að vera hugmyndagefandi, er lögð áhersla á samstarf innan skólans og við nærsamfélagið á heildrænan hátt. Mannréttindafræðsla á að miða að því að fóstura viðhorf, hegðun og almenna mannréttindamenningu í skólum og öðru umhverfi barnsins sem hvetur það til virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

